

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness, fimmtudaginn 17. mars 2016, í máli nr. E-985/2015:

A

(Hilmar Magnússon hrl.)

gegn

B

C

(Sigurður Sigurjónsson hrl.)

D

E og

F

(Ingólfur Vignir Guðmundsson hdl.)

Mál þetta var höfðað með stefnu þingfestri 9. september 2015 og tekið til dóms 18. febrúar sl. Stefnandi er A, [...],[...], en stefndu eru B, C, bæði til heimilis að [...],[...], D, [...], [...], E, [...], [...], og F, [...], [...].

I. Stefnandi gerir þá kröfu að rift verði gjafagerningi er fólst í afsali þrotamannanna G og H á hesthúsinu [...], Reykjavík, fastanr. [...], til stefndu B, D, E og F samkvæmt afsalssamningi dagsettum 11. febrúar 2013, mótteknum til þinglýsingar hjá sýslumanninum í Reykjavík þann 12. febrúar 2013 og innfærðum þann 14. febrúar 2013.

Þá er þess krafist að stefndu verði dæmd til að greiða óskipt þrotabúi G 7.500.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 11. febrúar 2013 til greiðsludags og þrotabúi H 7.500.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 11. febrúar 2013 til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi þess að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða honum málskostnað að skaðlausu samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi

II. Stefnandi gerir þá kröfu að rift verði gjafagerningi er fólst í afsali þrotamannanna G og H á [...], Reykjavík, íbúð [...], fastnr. [...], til stefndu B og C samkvæmt afsalssamningi dags. 25. apríl 2014, mótteknum til þinglýsingar hjá sýslumanninum í Reykjavík sama dag og innfærðum þann 28. apríl 2014.

Þá er þess krafist að stefndu verði dæmd til að greiða óskipt þrotabúi G 2.913.202 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 25. apríl 2014 til greiðsludags og þrotabúi H 2.913.202 krónur með dráttarvöxtum

samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 25. apríl 2014 til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi þess að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða honum málskostnað að skaðlausu samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi.

Af hálfu stefndu er krafist sýknu og að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar.

I

Mál þetta höfðar stefnandi í eigin nafni, en með heimild þrotabúa G og H, gegn stefndu til riftunar gerninga og endurgreiðslu fjár og bóta. Stefnandi er dóttir þrotamanna og systir stefndu annarra en stefndu C en hún er eiginkona stefnda B. Með dómi Hæstaréttar 19. desember 2012 voru þrotamennirnir G og H dæmd til að greiða stefnanda málskostnað samtals að fjárhæð 1.250.000 krónur. Vegna þeirrar kröfu krafðist stefnandi fjárnáms 7. janúar 2013 hjá G og H. Fjárnám var tekið í eign gerðarþola að [...], Reykjavík, en eftir virðingu var ljóst að hún stóð ekki undir kröfu stefnanda vegna handhafatryggingarbréfs sem þinglýst hafði verið á eignina tveimur dögum áður. Eigendur bréfsins voru stefndu B og C. Að ábendingu stefnanda var gert fjárnám í hesthúsi gerðarþola í [...] í Reykjavík en í ljós kom að tveimur dögum áður hafði verið lagt inn hjá sýslumanni afsal til þinglýsingar þar sem gerðarþolar afsöluðu hesthúsinu til barna sinna B, D, E og F, stefndu í málinu. Þann 5. apríl 2013 var aðfaramálið tekið fyrir hjá sýslumanni. Lögmaður gerðarþola mótmælti kröfunni og lýsti yfir skuldajöfnuði sem leiddi til þess að sýslumaður stöðvaði gerðina. Með dómi Hæstaréttar 2. apríl 2014 var sú ákvörðun sýslumanns felld úr gildi. Fjárnámsgerðinni var haldið áfram og lauk henni með fjárnámi án árangurs 6. maí 2014. Í kjölfarið krafðist stefnandi gjaldþrotaskipta á búi G og H.

Fyrir dóminn komu stefnandi A og stefndu B, D og E. Þá komu einnig fyrir dóminn þrotamaður G, I, skiptastjóri þrotabúanna, og fasteignasalarnir J og K.

II

Málavextir eru nánar þeir að bú G og H var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurðum Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum þann 15. október 2014. Frestdagur við skiptin er 31. júlí 2014. Innköllun var gefin út og birt þann 12. nóvember 2014 og lauk kröfulýsingarfresti þann 12. janúar 2015.

Skiptabeiðandi er stefnandi málsins en skiptastjóri veitti stefnanda á skiptafundi þann 20. janúar 2015, með stoð í 1. mgr. 130. gr. laga nr. 21/1991, heimild til að reka í eigin nafni og á eigin kostnað og áhættu mál til riftunar á afsalsgerningum þrotabúsins við stefndu samkvæmt 1. og 2. mgr. 131. gr. laga nr. 21/1991. Umræddir gerningar fólust annars vegar í afsali þrotamanna á hesthúsi í þeirra eigu til stefndu samkvæmt dómkröfukafla I og hins vegar í afsali þrotamanna

á íbúð þeirra að [...], Reykjavík, til stefndu samkvæmt dómkröfukafla II.

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-1191/201, sem staðfestur var með dómi Hæstaréttar í málinu nr. 308/2012, voru þrotamennirnir G og H m.a. dæmd til að greiða stefnanda málsins málskostnað samtals að fjárhæð 1.250.000 krónur. Í málinu var tekist á um eignarhald á fasteigninni [...] í [...] en með dómi Hæstaréttar var talið sannað að stefnandi hafi verið réttur eigandi eignarinnar frá upphafi og að kaupsamningur sá, sem þrotamenn byggðu kröfu sína á, hefði verið gerður til málamynda í þeim eina tilgangi að greiða fyrir að þrotamenn fengju greiddar út ógreiddar brunabætur vegna sumarhúss þeirra sem brann árið 2002. Þá hafi leigusamningur um umrædda eign sömuleiðis verið gerður til málamynda í sama tilgangi svo og útgáfa þrotamanna á veðskuldabréfi sem gefið var út í tengslum við fasteignakaupin.

Eftir að dómur Hæstaréttar féll urðu þrotamenn ekki við greiðslutilmælum vegna dæmnds málskostnaðar og óskað stefnandi eftir því að fjárnám yrði gert hjá þeim til tryggingar kröfunni með beiðni til sýslumannsins í Reykjavík 7. janúar 2013. Með bréfi sýslumanns voru þrotamenn boðaðir til fyrirtöku fjárnáms þann 14. febrúar 2013 með birtingu fjárnámsboðunar þann 4. febrúar 2013. Þann 14. febrúar 2013 mætti lögmaður þrotamanna hjá sýslumanninum í Reykjavík og var fjárnám tekið í fasteign gerðarþola að [...], Reykjavík. Taldi gerðarbeiðandi að sú eign nægði ekki til að tryggja kröfuna þar sem handhafatryggingarbréfi að fjárhæð 5.000.000 króna hafði verið þinglýst á eignina tveimur dögum áður, þ.e. 12. febrúar 2013. Kom síðar í ljós að umrætt tryggingarbréf var í eigu stefnda B og eiginkonu hans, C, sbr. afsal til þeirra frá þrotamönnum, dagsett 25. apríl 2014. Taldi sýslumaður eftir virðingu eignarinnar að hún stæði ekki undir kröfu stefnanda og var að ábendingu stefnanda því einnig gert fjárnám í veðbandalausum hesthúsi gerðarþola að [...] í [...], Reykjavík, gegn mótmælum lögmanns gerðarþola. Upplýsti lögmaðurinn ekki þá um að lagt hafði verið inn til sýslumannsins tveim dögum áður, þ.e. 12. febrúar 2013, afsal á umræddu hesthúsi þar sem gerðarþolar afsöluðu hesthúsinu til barna sinna, þ.e. stefndu.

Er þetta kom í ljós óskaði stefnandi eftir endurupptöku á fjárnáminu þann sama dag og var lögmaður gerðarþola boðaður til fyrirtöku með tölvupósti 19. febrúar 2013. Svaraði lögmaðurinn póstinum með þeim orðum að hann gætti ekki lengur hagsmuna gerðarþola og voru þeir því boðaðir með venjubundnum hætti til fyrirtöku hjá sýslumanni þann 1. febrúar 2013. Nokkru síðar hafði nýr lögmaður stefndu samband og kvaðst nú gæta hagsmuna gerðarþola og voru honum eftirleiðis sendar tilkynningar á póstoffang hans um fyrirtökur í málinu.

Áður en varð af fjárnámsfyrirtöku samkvæmt endurupptökubeiðni stefnanda seldu stefndu hesthúsið til L með kaupsamningi 13. mars 2013 sem var svo afsalað

til hennar með afsali 30. maí 2013. Söluverðið samkvæmt kaupsamningi var 15.000.000 króna sem var allt greitt með peningum en engin veðbönd hvíldu á eigninni.

Þann 5. apríl 2013 var málið tekið fyrir hjá sýslumanni og mætti þá lögmaður gerðarþola og stefndi B og mótmæltu framgangi þess og lýstu yfir skuldajöfnuði gerðarþola við kröfu stefnanda. Var gerðinni frestað til 15. apríl 2013 og þann dag varð sýslumaður við kröfu gerðarþola og gerðin stöðvuð. Kærði stefnandi þá ákvörðun til dómstóla og með dómi Hæstaréttar Íslands nr. 174/2014, uppkveðnum 2. apríl 2014, var úrskurður héraðsdóms staðfestur og úrskurður sýslumanns felldur úr gildi.

Boðaði fulltrúi sýslumannsins í Reykjavík til fjárnámsgerðar þann 25. apríl 2014 með tölvupósti til lögmannna aðila. Þar sem lögmaður stefnanda yrði í útlöndum á boðuðum fyrirtökudegi var endurupptaka fjárnámsgerðar ákveðin þann 29. apríl 2014. Þann dag var hins vegar ekki mætt af hálfu gerðarþola og voru gerðarþolar því boðaðir með stefnuvottum til fyrirtöku fjárnáms þann 6. maí 2014. Þann dag var ekki mætt af þeirra hálfu en þá kom í ljós að fasteign gerðarþola að [...], Reykjavík, hafði verið afsalað 25. apríl 2014 til stefnda B og eiginkonu hans, stefndu C.

Í stefnu segir að einnig hafi komið í ljós að hestum í eigu gerðarþolans H hafði verið afsalað til stefnda B þann 18. febrúar 2013. Virðist sem það hafi verið gert fjórum dögum eftir fyrstu fyrirtöku fjárnámsgerðar hjá sýslumanni.

Var fjárnámsaðgerðum gagnvart gerðarþolunum G og H lokið sem árangurslausu þann 6. maí 2014 þar sem engar eignir fundust í búum þeirra.

Í afsali þrotamanna 11. febrúar 2013 á hesthúsinu til barna sinna er þess getið að kaupsamningur hafi verið gerður 1. janúar 2013 og þá hafi kaupendur tekið við umráðum eignarinnar og greitt af henni skatta og skyldur frá þeim tíma. Umsamið kaupverð er sagt að fullu greitt. Í kaupsamningi er sagt að kaupverð sé 15.000.000 króna sem greiðist með 10.000.000 króna við gerð kaupsamnings en 5.000.000 króna við afhendingu og útgáfu afsals 31. maí 2013. Í málinu hafa verið lagðir fram tveir víxlar, hvor að fjárhæð 7.500.000 krónur, útgefnir 31. janúar 2013 en með gjalddaga 1. apríl 2013. Þeir eru samþykktir til greiðslu af stefnda D, útgefnir af stefnda B og ábektir af stefndu E og F. Í framburði stefndu kom fram að þessir víxlar hafi verið greiðsla þeirra til þrotamanna.

Í afsali þrotamanna til stefndu B og C á íbúð að [...], Reykjavík, dagsettu 25. apríl 2014 og sem mótttekið var til þinglýsingar sama dag, kemur fram að áhvílandi handhafatryggingarbréf, sem útgefið er 11. febrúar 2013 og mótttekið til þinglýsingar 12. febrúar 2013, sé eign kaupenda og megi því hvíla áfram á eigninni. Kaupsamningur var ekki gerður um eignina.

Fram hefur komið í málinu að lagt var inn á reikning þrotamannsins G 10.000.000 króna þann 14. mars 2013 sem er sama dag og börn þrotamanna seldu hesthúsið til L og fengu þá í hendur jafnháa fjárhæð sem hluta af söluverði hesthússins. Greiðslan var innt af hendi af stefndu E og á skýringu á kvittun kemur fram „[...]“. Daginn eftir voru 5.000.000 króna lagðar inn á reikning þrotamanns G af hálfu stefndu F. Skýring á kvittun er „[...]“ sem er fastanúmer hesthússins. Þann sama dag tók þrotamaðurinn G út reiðufé í tveimur færslum, annars vegar 7.000.000 króna og hins vegar 8.000.000 króna þann 18. mars 2013. Umræddir fjármunir hafa ekki fundist í búinu.

Vegna sölu á íbúð þrotamanna að [...], Reykjavík, millifærði stefndi B 6.023.379 krónur 25. apríl 2014 til fasteignarsölnunnar en þann dag var afsalið gert og eignin afhent. Þann 29. apríl 2013 greiddi fasteignarsalan 5.826.404 krónur til þrotamannsins G og hafði áður dregið frá kaupsamningsgreiðslunni þóknun sína fyrir skjalagerð, 196.975 krónur. Þann sama dag tók þrotamaðurinn G út í reiðufé að upphæð 5.800.000 krónur. Þeir fjármunir hafa ekki fundist í búinu.

Skiptabeiðandi óskaði opinberrar rannsóknar á þessum gjörningum með bréfi 21. maí 2013 þar sem hann telur að með þeim hafi þrotamenn og stefndu gerst sek um skilasvik í skilningi hegningarlaga. Það sama gerði skiptastjóri og sætir það mál nú rannsókn lögreglu.

Í greinargerðum sínum greina stefndu, önnur en stefnda C, svo frá að G og H hafi reynt á árinu 2012 að selja umrætt hesthús. Hafi þau viljað losa um lausafé en eignin ekki selst. Orðið hafi að ráði að þau systkinin, önnur en stefnandi, keyptu hesthúsið en fyrirhugað var að það yrði sameign og í sameiginlegum afnotum þeirra. Hafi verið gengið frá kaupsamningi um hesthúsið þann 1. janúar 2013. Umsamið kaupverð hafi verið 15.000.000 króna sem skyldu greiðast með 7.500.000 krónum þann 1. apríl 2013 og með 7.500.000 krónum þann 1. maí 2013. Þegar á leið hafi nokkrir stefndu viljað losna undan kaupunum þar sem þeirra aðstæður höfðu breyst á þann veg að þau sáu ekki fram á þörf fyrir afnot af eigninni. Hafi þá verið búið svo um hnúta að gengið hafi verið frá afsali til kaupenda gegn afhendingu á víxlum til seljenda með gjalddögum samkvæmt kaupsamningi. Allir kaupendur hafi ábyrgst víxlana. Stefndu, sem að kaupunum stóðu, hafi svo orðið ásátt um að setja hesthúsið í sölu og salan gengið eftir. Hafi það selst hjá [...] fasteignasölu á sama verði og stefndu höfðu keypt eignina, þ.e. fyrir 15.000.000 króna. Kaupandinn hafi greitt hluta kaupverðsins, 10.000.000 króna, við samning. Stefndu hafi þá greitt G og H víxla þá, sem þau höfðu greitt kaupverðið með, meðstefnda E 10.000.000 króna þann 14. mars 2013 og stefnda F 5.000.000 króna þann 15. mars 2013. Hafi víxlarnir þannig að fullu verið greiddir og afhentir kaupendum. Séu öll gögn á borði og viðskiptin gegnsæ.

Kaupverð eignarinnar sé því að fullu greitt. Í stefnu séu dylgjur um að stefndu hafi ekki átt fjármuni til þess að kaupa umrædda fasteign og meiningar og getgátur með ósæmilegum hætti um að um gjafagerning eða sýndargerning hafi verið að ræða og að engar greiðslur hafi gengið á milli aðila. Stefndu mótmæli þessu sem tilhæfulausu og röngu.

III

Stefnandi byggir kröfu sína um riftun aðallega á 1. og 2. mgr. 131. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. og til vara einnig á 141. gr., sbr. og 142. gr., vegna endurgreiðslukröfu sem höfð er uppi í málinu. Þá byggir stefnandi einnig á 134. gr. og 137. gr. laganna varðandi dómkröfukafla II.

Stefnandi byggir á því að stefndu í málinu teljast nákominn þrotamanni í skilningi gjaldþrotaréttar, einkum 2. tl. 3. gr. laganna, en stefndu séu öll börn þrotamanna og systkini stefnanda, hvað varðar dómkröfur samkvæmt kafla I. Af þessum sökum eigi riftunarfrestir samkvæmt 2. mgr. 131. gr. gjaldþrotalaga við í málinu vegna afsals á hesthúsinu.

Varðandi riftun gjafagernings vegna afsals íbúðar að [...], sbr. dómkröfukafla II, gildi sex mánaða frestur fyrir frestdag og eigi því ákvæði 1. mgr. 131. gr. laganna við þann gerning. Sami frestur eigi við varðandi þá málsástæðu að með afsalinu hafi stefndu fengið greidda kröfu sína á hendur þrotamönnum með óvenjulegum greiðslueyri sem hafi skerti greiðslugetu þeirra, sbr. 134. gr., sbr. og 2. mgr. 137. gr., laganna varðandi þá málsástæðu stefnanda að með þinglýsingu handhafatryggingarbréfsins hafi stefndu fengið tryggingu fyrir kröfum sínum í skilningi lagaákvæðisins og þannig öðlast greiðslu umfram aðra kröfuhafa með afsali gerðu í skjóli veðtryggingarinnar sem sé riftanleg.

Krafa um riftun á þeim gjafagerningi sem fólst í afsali á hesthúsi þrotamanna til stefndu sé innan frests samkvæmt riftunarákvæðinu en um hlutlægan mælikvarða sé að ræða á frestinum. Miðist fresturinn við þann dag er afsalið var afhent til þinglýsingar 12. febrúar 2013, samkvæmt 140. gr. laga nr. 21/1991, sbr. 15. gr. laga nr. 39/1978. Það sé innan þess 24 mánaða frests sem kveðið sé á um í 2. mgr. 131. gr. gjaldþrotaskiptalaga.

Afsal á íbúð að [...] hafi verið afhent sýslumanni 25. apríl 2014 svo og greiðsla þrotamanna til stefndu B og C, eða rétt rúmum þremur mánuðum fyrir frestdag, sem sé innan þess frests sem kveðið sé á um í 1. mgr. 131. gr. og 1. mgr. 134. gr. gjaldþrotaskiptalaga. Riftunarfrestur vegna tryggingarbréfs teljist frá 12. febrúar 2013, þann dag sem það var afhent til þinglýsingar. Riftunarreglur 131. gr., 134. gr. og 137. gr. laga nr. 21/1991 séu hlutlægar riftunarreglur.

Stefnandi telur að þrotamenn hafi vísvitandi og með einbeittum ásetningi komið undan öllum sínum eignum í þeim tilgangi einum að stefnandi fengi ekki

tekið fjárnám í eignum þeirra en um óumdeilda og dæmda málskostnaðarkröfur hafi verið að ræða. Stefnu hafi verið beinir þátttakendur í þessum gjörningum og verið fullmeðvitaðir um umræddar kröfur stefnanda. Þá hafi stefndi B verið í samskiptum við lögmann stefnanda vegna krafanna og mætt við fjárnámsfyrirtökur hjá sýslumanni ásamt lögmanni þrotamanna þegar þær hafi verið teknar fyrir. Allir stefndu hafi því verið grandsamir í skilningi gjaldþrotaréttar.

Stefnandi heldur því fram að stefndu og þrotamenn hafi sammælst um að forða íbúðinni að [...] undan fjárnámi en í afsalinu til stefnda B og eiginkonu hans komi fram að handhafatryggingarbréfið sé í eigu kaupenda. Svo virðist sem ekki hafi staðið nokkur skuld að baki því ef marka megi efni afsalsins. Stefnandi telur að þessi greiðsla hafi verið gerð til málamynda til að láta líta svo út að um raunverulega sölu væri að ræða. Sú ráðstöfun sé riftanleg samkvæmt 137. gr. laga nr. 21/1991 þar sem ekki verði séð að fjármunir hafi við þá gjörð verið lánaðir til þrotamanna. Til þess að forðast riftun á veðréttinum hafi afsal verið útbúið og greiðslur gengið á milli, enda þótt ráða megi af skattframtölum þrotamanna að þau hafi þá staðið í 8.000.000 króna skuld við stefnda B.

Byggir stefnandi á því að þrotamenn og stefndu hafi með þessum aðgerðum í raun búið svo um hnútana að stefndu fengju greidda kröfu sína á grundvelli síðar tilkominnar tryggingar sem hafi verið riftanleg með stoð í 137. gr. gjaldþrotaskiptalaga. Gjörðin hafi verið færð í sölubúning og þannig talist gjöf þar sem engar raunverulegar greiðslur skiptu um hendur.

Að minnsta kosti veki það furðu að stefndu B og C hafi millifært fjármuni til þrotamanna á sama tíma og þau virðast eiga mun hærri kröfur á hendur þeim ef marka megi skattframtöl þrotamanna. Hafi krafa stefndu fengist greidd með afsalinu og sé sú ráðstöfun sannanlega riftanleg með stoð í 134. gr. gjaldþrotaskiptalaga á þeim grunni að stefndu fengu kröfu sína greidda með óvenjulegum greiðslueyri, þ.e. með íbúðinni að [...], en við mat á greiðslum beri að horfa til þess með hvaða hætti hún fór frá þrotamanni. Bendir stefnandi einnig á að samkvæmt framtali þrotamanna hafi eftir sölu íbúðarinnar ekki verið talin fram nein skuld við stefnda B. Með afsalsgerningnum virðast stefndu hafa verið að fá kröfu sína á hendur þrotamönnum greidda af andvirði seldra eigna þrotamanns en slíkur greiðslueyri sé óvenjulegur. Við matið á greiðslueyri beri að horfa til þess hvernig greiðslan sé tilkomin en ekki með hvaða hætti hún greiðist að lokum til kröfuhafans. Með gerningnum hafi krafa stefndu á hendur þrotamanni í raun verið greidd með íbúðinni sem sé óvenjulegt.

Samkvæmt afsalinu skyldi eignin afhent kaupendum 25. apríl 2014 en þrotamenn búi enn í eigninni og ekki sé kunnugt um að þau hafi greitt leigu vegna afnota sinna þar. Telur stefnandi að allir umræddir gerningar beri það ljóslega með

sér að vera gerðir í þeim tilgangi einum að koma eignum undan fjárnámi og skiptum.

Styðjist sú skoðun stefnanda einnig við það að þeir fjármunir, sem greiddir voru inn á reikning þrotamannsins G, voru jafnharðan teknir út í reiðufé þannig að útilokað sé að rekja þá. Leiða megi af skattframtölum þrotamanna að skuld þeirra við stefnda B hafi verið greidd með þeim fjármunum sem þrotamenn fengu fyrir íbúð sína.

Hvað sem því líður liggja fyrir að þrotabúið sé eignalaust. Áður en af umræddri fjárnámsgerð varð hafi þrotamenn hins vegar átt skuldlaust hesthús og hóflega skuldsetta íbúð, ásamt bifreið og hrossum. Með framangreindum gerningum hafi þrotamenn orðið eignalausir og stefndu fengið eignarhald á öllum eigum þeirra.

Stefnandi telur að stefndu hafi með háttsemi sinni fengið í hendur skuldlaust hesthús.

Telur stefnandi að kaupsamningur um hesthúsið hafi aldrei verið raunverulega gerður og afsalið sé málamyndagerningur og búinn í búning líkt og endurgjald hafi komið fyrir. Svo sé ekki raunin. Í afsalinu sé staðhæft að umsamið kaupverð sé að fullu greitt. Það sé beinlínis rangt, enda hafi skiptastjóri enga greiðslu fundið í búinu sem gæti farið saman við þessa fullyrðingu, auk þess sem hún sé í blóra við kvittanir frá 14. mars 2013 og 15. mars 2013. Í þeim kvittunum leggi stefndu E og F inn á reikning þrotamannsins G samtals 15.000.000 króna og sé í skýringum vísað til hesthússins. Hafi þessar greiðslur verið inntar af hendi eftir að stefndu höfðu sjálf selt hesthúsið og því ljóst að stefndu höfðu ekki reitt fram kaupverðið þegar afsalið var gefið út. Því teljist afsal þrotamanna á hesthúsinu til stefndu gjöf í skilningi gjaldþrotaskiptalaga, hvernig sem á málið sé litið, og sæti því riftun samkvæmt skýrum fyrirmælum í 131. gr. gjaldþrotaskiptalaga.

Þá byggir stefnandi á því að þrotamenn hafi ekki verið gjaldfærir en ljóst sé að við afsal og veðsetningu allra annarra eigna þrotamanna á sama tíma hafi þeir verið ógjaldfærir í skilningi gjaldþrotaréttar. Sönnunarbyrðin um annað hvíli á móttakendum gjafarinnar, þ.e. stefndu. Þegar horft sé til þeirra ráðstafana sem fóru fram samhliða afsali hesthússins, bifreiðarinnar og veðsetningu íbúðar þrotamanna og náninna tengsla þrotamanna við alla stefndu sé vandséð hvernig sú sönnun takist.

Varðandi afsal vegna íbúðar að [...], Reykjavík, bendir stefnandi á að sá gerningur hafi verið gerður aðeins rúmri viku eftir að Hæstiréttur hafði staðfest úrskurð héraðsdóms um að endurupptaka aðfarar skyldi fara fram. Afsalið hafi verið undirritað tveimur dögum eftir að fulltrúi sýslumanns boðaði lögmenn aðila til endurupptöku aðfarar. Beri þessi gerningur öll þess merki að vera gjafagerningur sem hafi verið gerður til málamynda.

Verði ekki talið að greiðslurnar hafi verið gerðar til málamynda telur stefnandi, miðað við það sem áður er rakið, að stefndi B hafi fengið kröfu sína greidda umfram aðra kröfuhafa með þeim fjármunum sem komu út úr sölu íbúðarinnar. Slík greiðsla á skuld teljist vera gerð með óvenjulegum greiðslueyri, jafnvel þótt kröfuhafi hafi fengið skuldina greidda með peningum.

Stefnandi vísar einnig til stuðnings kröfum sínum varðandi báða dómkröfukaflana til 141. gr. laga nr. 21/1991. Stefnandi telur að allar aðstæður í málinu fullnægi í hvívetna þeim skilyrðum sem fram koma í ákvæðinu, þ.e. að ráðstöfunin hafi leitt til þess að eignir þrotamanna hafi ekki verið til reiðu til fullnustu kröfuhöfum og að stefndu, sem allir höfðu hag af umræddum ráðstöfunum, hafi vitað eða mátt vita að þrotamenn yrðu sannanlega með þessum ráðstöfunum ógjaldfærir eins og síðar hafi orðið raunin. Með útgáfu afsalanna hafi verið búið svo um hnútana að eignir voru ekki til reiðu þegar stefnandi freistaði þess að öðlast tryggingu fyrir fjárkröfum sínum. Hafi þessar ráðstafanir því verið stefndu til hagsbóta á kostnað annarra kröfuhafa með ótilhlýðilegum hætti. Stefnandi telur því líkur til þess að eina markmið með þessum gerningum hafi verið að koma eignum undan gjaldþrotaskiptum.

Stefnandi telur jafnframt að gerningarnir hafi verið ótilhlýðilegir. Við mat á því beri m.a. að líta til fyrri háttsemi þegar metin sé sú háttsemi sem talin sé riftanleg. Telur stefnandi að ef þrotamaður ráðstafar eignum til hagsbóta fyrir nákomna teljist slík ráðstöfun alltaf ótilhlýðileg. Það eigi einnig við ef með gerningnum hafi eignir þrotamanns ekki verið til reiðu til fullnustu kröfuhöfum skömmu fyrir innheimtuaðgerðir. Ef ekki verði talið að slík ráðstöfun, rétt fyrir aðför og gjaldþrot, sé ótilhlýðileg sé vandséð hver konar ráðstöfun geti talist ótilhlýðileg með hliðsjón af 141. gr.

Einnig eru almennt meiri líkur til þess að ráðstafanir séu ótilhlýðilegar þegar þær beri brátt að án nokkurs aðdraganda og reynt að búa svo um hnútana að verið sé að fullnægja þeim með greiðslum eftir á. Hafi slíkt á sér blæ málamyndagerninga en stefnandi bendir á að þrotamenn hafi áður verið uppvísir að slíku og Hæstiréttur staðfest það með dómum sínum. Telur stefnandi að verulegar líkur séu fyrir því að það sama eigi við í þessu máli.

Þá telur stefnandi það hafð yfir allan vafa að stefndu hafi verið grandsamir um stöðu þrotamannanna, enda nátengd þeim. Hafi stefndu ekki dulist að þessar ráðstafanir myndu leiða til gjaldþrots líkt og raunin varð á. Telur stefnandi að það standi stefndu nær að sanna gjaldfærni þrotamanna.

Um endurgreiðslukröfu byggir stefnandi á 142. gr. laga nr. 21/1991, annars vegar á 1. mgr. varðandi riftunarkröfu, byggða á 131. gr., 134. gr. og 137. gr. laganna, og hins vegar á 3. mgr. varðandi riftunarkröfu þá sem byggist á 141. gr.

gjaldþrotalaga. Varðandi endurgreiðslukröfuna telur stefnandi að afsal á hesthúsinu til stefndu hafi komið þeim að notum með þeirri fjárhæð sem teljist eðlilegt endurgjald fyrir það, 15.000.000 króna, en það sé sú fjárhæð sem stefndu fengu í hendur við endursölu hesthússins. Sú fjárhæð sé a.m.k. jöfn þeirri fjárhæð er nemi tjóni þrotabúanna. Kröfunni sé beint að þeim sem hag hafi haft af hinni riftanlegri ráðstöfun og ávallt megi miða við að stefndu hafi notið þeirrar fjárhæðar að fullu sem nam greiðslu fyrir hesthúsið.

Varðandi endurgreiðslukröfu vegna sölu íbúðarinnar að [...], Reykjavík, sé miðað við kaupverð sem teljist eðlilegt og sé um leið tjón þrotabúsins.

Varðandi endurgreiðslukröfu samkvæmt 141. gr. gjaldþrotaskiptalaga sé byggt á 3. mgr. 142. gr. og fari því krafa um bætur eftir almennum reglum. Endurgreiðslukrafan byggist á meginreglu skaðabótaréttar og sakarreglunni. Telur stefnandi að efnisatriði reglunnar séu uppfyllt og orsakatengsl séu á milli tjóns þrotabúanna og afhendingar eignanna til stefndu. Þrotabúin hafi orðið af eðlilegu endurgjaldi fyrir eignirnar og því sé tjónið einnig sennileg afleiðing gjafagerningsins. Stefnandi telur að stefndu hafi alls ekki verið í góðri trú þegar þau fengu hesthúsið og íbúðina afhenta og því sé athæfi þeirra bæði ólögmætt og saknæmt. Þrotabúin hafi þannig orðið fyrir tjóni sem nemi andvirði hesthússins og íbúðarinnar.

Dráttarvaxta er krafist af stefnufjárhæðum og byggt á því tímamarki er stefndu fengu afsöl fyrir eignunum í hendur.

Stefnandi vísar til laga nr. 21/1991, einkum 3. gr. og ákvæða XX. kafla, einkum 131. gr. og 141. gr. um riftun og 142. gr. um endurgreiðslukröfu. Krafa um vexti er studd við ákvæði laga nr. 38/2001. Þá er vísað til laga nr. 91/1991, 1. mgr. 19. gr. og XXI. kafla um málskostnað.

IV

Stefndu halda því fram að viðskipti aðila hafi farið fram á jafnréttisgrundvelli og án þess að raskað hafi verið hagsmunum kröfuhafa viðsemjenda stefndu. Við blasi að í öllu hafi verið staðið að viðskiptum aðila í samræmi við viðtekna venju í fasteignaviðskiptum. Þannig hafi viðsemjendur stefndu ráðstafað hesthúsinu til stefndu fyrir fullt og eðlilegt endurgjald. Riftunarkröfu búsins sé ekki réttilega beint að stefndu. Við blasi að stefndu D, B, E og F hafi að öllu leyti efnt skyldur sínar gagnvart viðsemjendum sínum við sölu hestshússins, allt án tjóns fyrir aðra kröfuhafa viðsemjenda. Ljóst sé að skýlaus lýsing og sönnun um annað þurfi að liggja fyrir svo að riftun komi til álita fyrir dómimum. Engin sönnunarfærsla liggja fyrir um meint tjón. Bótakrafa sé því með öllu ósönnuð. Kröfugerð stefnanda sé með öllu órökstudd og óskiljanleg. Þar sem engin slík sönnun liggja fyrir beri að hafna riftunar- og endurgreiðslukröfu stefnanda

og sýkna stefndu.

Varðandi afsalsgerning um íbúð að [...], Reykjavík, taka stefndu B og C fram að löggiltir fasteignasalar á fasteignasölnunni [...] hafi annast sölu á fasteigninni. Í málinu hafi verið lögð fram skjöl vegna umræddra fasteignaviðskipta. Þar komi fram að stefndi B gerði þann 11. apríl 2013 kauptilboð í fasteignina að fjárhæð 36.500.000 krónur. Fasteignamat eignarinnar á sama tíma hafi verið 30.000.000 króna. Áhvílandi veðskuldir á fasteigninni hafi annars vegar verið á 1. veðrétti lán frá Íslandsbanka hf. að eftirstöðvum 30.476.621 króna og á 2. veðrétti handhafatryggingarbréf að fjárhæð 5.000.000 króna. Í afsali komi enn fremur fram að kaupendur hafi yfirtekið eftirstöðvar kröfu Íslandsbanka hf. á 1. veðrétti að fjárhæð 30.476.621 króna og greitt með peningum til fasteignasölnunnar [...] 6.023.379 krónur. Hafi kaupverð eignarinnar þannig verið að fullu greitt með þessum hætti. Í stefnu séu meiningar og getgátur um að um gjafagerning eða sýndargerning hafi verið að ræða og að engar greiðslur hafi gengið á milli aðila. Stefnda C mótmælir þessu sem tilhæfulausu og röngu og vísar til dómskjals þar sem fram komi greiðsla að fjárhæð 4.000.000 króna sem hún hafi ráðstafað inn á reikning B vegna umræddra kaupa á fasteigninni. Henni sé kunnugt um að B greiddi mismuninn úr eigin vasa.

Að gefnu tilefni í stefnu beri nauðsyn til þess að leiðrétta rangfærslur stefnanda þar sem því sé haldið fram að handhafatryggingarbréf, er hvíldi á 2. veðrétti fasteignarinnar [...], hafi verið notað til greiðslu á kaupverði eignarinnar. Greiðsla kaupverðs hafi verið algjörlega gagnsæ og verið mismunur á yfirtekinni skuld gagnvart Íslandsbanka hf. á 1. veðrétti og kaupverði eignarinnar sem hafi verið staðgreitt með peningum til fasteignasölnunnar. Fasteignasalan hafi ráðstafað greiðslunni, að frádreginni sölupóknun til seljenda, inn á reikning seljanda. Kaupendur hafi ekkert haft með að gera umrædda fjármuni eftir að hafa innt af hendi kaupsamningsgreiðslur inn á reikning fasteignasölnunnar. Umræddu tryggingarbréfi hafi verið aflýst af fasteigninni af fasteignasala.

Þá beri einnig að leiðrétta rangfærslur stefnanda þar sem því er haldið fram að eftir sölu fasteignarinnar að [...] hafi seljendur hennar, þau G og H, ekki lengur staðið í skuld við B. Þannig haldi stefnandi því fram að skuld seljenda gagnvart B hafi lækkað við sölu fasteignarinnar og sé fullyrt að söluandvirði eignarinnar hafi verið ráðstafað af seljendum til að lækka skuldina. Með þeim hætti hafi seljendur, þrotamennirnir þau G og H, með ótilhlýðilegum hætti gert upp á milli kröfuhafa sinna. Stefndu B og C benda á að með því að kynna sér skattframtöl þrotamannanna G og H árið 2014 vegna tekjuársins 2013 megi með einföldum hætti staðreyna að G og H skulduðu B umræddar 8.000.000 króna í árslok 2013, rétt um átta mánuðum eftir að umrædd viðskipti fóru fram. Fullyrðingar stefnanda

séu með öllu óskiljanlegar og í engu samræmi við staðreyndir málsins. Umrædd skuld þeirra G og H við B standi enn, enda þótt litlar vonir standi til þess að skuldin verði greidd.

Stefndu taka fram að þau G og H hafi reynt að selja fasteignina að [...] en það hafi ekki gengið eftir. Þau séu á níræðisaldri og hafi átt í erfiðleikum með að greiða afborganir af áhvílandi láni Íslandsbanka á eigninni. Af þeim ástæðum hafi verið ákveðið að leggja þeim lið með því að kaupa eignina á markaðsverði og greiða út mismun á láni bankans og söluverði.

Stefndu B og C byggja á því að þau hafi keypt fasteignina að [...] í gegnum fasteignasölu og hafi kaupverð eignarinnar verið jafnt markaðsvirði hennar ef ekki hærra. Kaupverð hafi verið greitt með peningum og yfirtöku áhvílandi veðskuldar. Stefndu B, D, E og F hafi keypt hesthús og hafi kaupverð eignarinnar verið jafnt markaðsvirði hennar ef ekki hærra. Kaupverð hafi verið greitt með peningum. Eignir skuldara haf ekki rýrnað við þessar ráðstafanir. Því sé ekki um gjafagerning að ræða. Stefndu hafi ekki auðgast við umrædd viðskipti, þvert á móti hafi stefndu B og C greitt fyrir eignina eðlilegt markaðsverð. Sama eigi við um kaup á hesthúsinu. Ekki hafi verið um gjafatilgang eða greiðslu skuldar að ræða. Greiðslan hafi verið venjuleg eftir atvikum og ekki innt af hendi fyrir en venjulegt er.

Engum tryggingarréttindum hafi verið til að dreifa í tengslum við fasteignaviðskiptin eins og stefnandi haldi fram. Stefndu hafi greitt kaupverð eignanna með peningum. Kaup stefndu varði því ekki við 137. gr. gjaldþrotaskiptalaga.

Stefndu vísa til þess að kaupverð fasteignanna hafi að fullu verið greitt með peningum og með yfirtöku áhvílandi veðskuldar. Fullt markaðsverð og ríflega það hafi verið greitt fyrir báðar eignirnar. Ljóst sé að greiðslan hafi ekki orðið stefndu til hagsbóta. Kaup stefndu varði því ekki við ákvæði 141. gr. gjaldþrotaskiptalaga. Viðskipti stefndu við G og H leiddu ekki til þess að eignir þrotamanns voru ekki til reiðu til fullnustu kröfuhöfum. Kaup stefndu varði því ekki við ákvæði 141. gr. gjaldþrotaskiptalaga.

Stefndu B og C vísa til þess kaup þeirra á [...] hafi leitt til þess að viðsemjendur þeirra hafi losnað undan áhvílandi veðskuldum gagnvart Íslandsbanka hf. sem aftur hafi leitt til skuldalækkunar G og H en ekki skuldaaukningar. Sama sé að segja um kaup á hesthúsinu. Kaup stefndu varði því ekki við ákvæði 141. gr. gjaldþrotaskiptalaga. Stefndu vísa til þess að engar upplýsingar hafi legið fyrir um ógjaldfærni G og H. Þvert á móti hafi eignastaða þeirra verið sterk þrátt fyrir tímabundna rýra lausafjárstöðu þeirra. Því fari fjarri að stefndu hafi haft nokkra hugmynd um meinta ógjaldfærni G og H. Stefndu hafi því ekki verið grandsöm um ógjaldfærni G og H.

Með vísan til umfjöllunar um 131., 134., 137. og 141. gr. gjaldþrotaskiptalaga sé ljóst að sýkna beri stefndu af kröfum stefnanda um að þola riftun vegna kaupa á fasteigninni að [...], Reykjavík, og hesthúsi í [...].

Fari svo ólíklega að fallist verði á riftun er vísað til þess að ekki sé um að ræða neina auðgun stefndu og beri því að hafna endurgreiðslukröfu stefnanda. Í ljósi málsatvika hafi stefndu ekki auðgast af umræddum greiðslum. Þvert á móti hafi þau borið kostnað af greiðslunum. Því beri að sýkna stefndu af endurgreiðslukröfu.

Stefndi B sagði í skýrslu sinni fyrir dómi að hann hafi lengi unnið í sama hverfi þar sem íbúðin að [...] í Reykjavík sé staðsett og því hafi hann haft áhuga á að kaupa hana og búa þeim hjónum þar sitt framtíðarheimili. Foreldrar hans búi þar enn og reki íbúðina sem sé ígildi húsaleigu. Hann sagði að handhafatryggingarbréfi að fjárhæð 5.000.000 króna hafi verið þinglýst á eignina vegna skulda foreldra hans við sig að fjárhæð 8.000.000 króna. Varðandi kaup þeirra á hesthúsi sagði stefndi B að þau systkinin hafi langað til að halda hesta. Hann hafi áður átt hesta. Þar sem kaupverð hesthússins hafi verið greitt með víxlum hafi afsal verið gefið út fyrir en kaupsamningur kvað á um. Stefndi B sagði að stefndu hafi ekki fengið greitt til baka frá þrotamönnum vegna sölu á fasteignunum.

Stefnda E sagði að engin sérstök ástæða hafi verið fyrir því að stefndu keyptu hesthúsið. Hún kvaðst hafa lagt 10.000.000 króna inn á reikning föður síns þegar stefndu höfðu selt hesthúsið til L.

Protamaður G sagðist hafa tekið um 21.000.000 króna út í reiðufé í tengslum við sölu á íbúðinni og hesthúsinu. Einhverjir reikningar hafi verið greiddir en að öðru leyti viti hann ekki hvað hafi orðið um peningana og sagðist ekki vita hvort hann væri skyldugur til þess að upplýsa það.

V

Stefnandi er dóttir þrotamannanna G og H og systir stefndu B, D, E og F. Stefnandi deildi við foreldra sína um eignarhald á jörðinni [...] í [...] og með dómi Hæstaréttar 19. desember 2012 í máli nr. 308/2012 var viðurkenndur eignarréttur stefnanda á jörðinni. Þrotamennirnir G og H voru jafnframt dæmd til þess að greiða stefnanda málskostnað í málinu, samtals 1.250.000 krónur, sem er grundvöllur gjaldþrotaskiptabeiðni stefnanda á hendur G og H. Skiptastjóri í þrotabúi þeirra veitti stefnanda heimild, með stoð í 1. mgr. 130. gr. laga nr. 21/1991, til þess að reka í eigin nafni og á eigin kostnað og áhættu þetta mál.

Fyrir liggur í málinu að eftir að stefnandi hóf innheimtu kröfunnar seldu G og H allar eigur sínar, hesta, bifreið, íbúðarhúsnæði og hesthús. Í málinu er deilt um sölu á framangreindum fasteignum.

Hér að framan er því lýst hvernig stefnandi reyndi að fullnusta kröfu sína með fjárnámi í fasteignunum. Í því skyni var gert fjárnám í íbúð þrotamanna að [...], Reykjavík, 14. febrúar 2012 en þá hafði tveimur dögum áður verið þinglýst handhafatryggingarbréfi á eignina að fjárhæð 5.000.000 króna. Síðar kom í ljós að tryggingarbréfið var í eigu stefnda B og eiginkonu hans, stefndu C. Eigninni var síðan afsalað til þeirra 25. apríl 2014 stuttu eftir að dómur Hæstaréttar féll 2. apríl 2014 þar sem ákvörðun sýslumanns um að stöðva aför var felld úr gildi.

Eftir virðingu eignarinnar var ljóst að verðmæti íbúðarinnar nægði ekki til að tryggja kröfu stefnanda. Að ábendingu stefnanda var nú krafist fjárnáms í hesthúsi gerðarþola sem var veðbandslaust. Við fyrirtöku aðfararinnar hjá sýslumanni upplýsti lögmaður gerðarþola ekki um að tveimur dögum áður, 12. febrúar 2013, hafði verið lagt inn til þinglýsingar hjá sýslumanni afsal á hesthúsinu þar sem gerðarþolar afsöluðu hesthúsinu til barna sinna, stefndu B, E, D og F. Þegar fjárnáminu skyldi fram haldið var því mótmælt af hálfu þrotamanna og krafist skuldajafnaðar. Leyst var úr þeim ágreiningi með dómi Hæstaréttar 2. apríl 2014 sem staðfesti úrskurð héraðsdóms um að fjárnám skyldi fara fram. Fjárnámi var loks lokið 6. maí 2014 án árangurs þar sem engar eignir fundust í búinu.

Stefndu B, E, D og F seldu hesthúsið með afsali 30. maí 2013 til L og var söluverð 15.000.000 króna. Ekki er deilt um að sú fjárhæð var af hálfu stefndu lögð inn á bankareikning þrotamannsins G. Vegna sölu á íbúð að [...], Reykjavík, fékk þrotamaður G greiðslu inn á bankareikning sinn frá stefndu B og C að upphæð 5.826.404 krónur þann 29. apríl 2014.

Þessir fjármunir voru teknir út í reiðufé af þrotamanni G, samtals 15.000.000 króna þann 15. og 18. mars 2013 vegna sölu á hesthúsinu, og 5.800.000 krónur þann 29. apríl 2014 vegna sölu á íbúðinni. Framangreindir fjármunir hafa ekki fundist í búinu.

Framburður stefndu og þrotamannsins G fyrir dómi um framangreinda sölu á fasteignunum tveimur og hvernig andvirði þeirra var ráðstafað hefur verið reikull og ótrúverðugur. Engar tækar útskýringar hafa fengist á því hvers vegna handhafatryggingarbréfi var þinglýst tveimur dögum áður en fjárnám skyldi fara fram í fasteign þrotamanna að [...], Reykjavík. Þrotamennirnir stóðu reyndar í skuld við stefnda B að fjárhæð 8.000.000 króna samkvæmt skattframtali 2013 en því hefur ekki verið haldið fram í málinu eða byggt á því að þinglýsing tryggingarbréfsins hafi verið í tengslum við þá skuld, enda skuldin enn talin fram á skattframtölum þrotamanna.

Þá hefur ekki fengist skýring á því hvers vegna afsali til stefndu um hesthúsið var einnig þinglýst tveimur dögum áður en fjárnám skyldi tekið í því. Stefndu halda ekki hesta og verður því ekki séð hver var tilgangur með kaupum

þeirra, annar en að koma verðmætum undan skuldheimtu, enda seldu stefndu hesthúsið stuttu síðar. Þegar hesthúsið var selt til L rann kaupverð, 15.000.000 króna, ekki til seljenda, stefndu B, D, E og C, heldur beint til þrotamanna. Kaupsamningur 1. janúar 2013 og útgáfa víxla samfara kaupunum virðast því hafa verið málamyndagerningar.

Engar skýringar hafa fengist á því hvernig 20.800.000 krónum, sem þrotamaður G tók út í reiðufé, var ráðstafað. Sagði þrotamaður að einhverjir reikningar hefðu verið greiddir en engar millifærslukvittanir eða greiðslukvittanir hafa verið lagðar fram því til stuðnings.

Þegar allt framangreint er virt og málið metið í heild verður að fallast á með stefnanda að sala á íbúðinni og hesthúsinu til stefndu hafi verið samantekin ráð stefndu og þrotamanna til að skjóta eignum þrotamanna undan aðför stefnanda.

Stefnandi byggir kröfu sína um riftun aðallega á 1. og 2. mgr. 131. gr. laga nr. 21/1991 og til vara einnig á 141. gr. sömu laga, sbr. 142. gr., vegna endurgreiðslukröfu sem höfð er uppi í málinu. Þá byggir stefnandi einnig á 134. gr. og 137. gr. laganna varðandi dómkröfu II.

Ekki verður fallist á að ráðstöfun þrotamanna í málinu hafi verið gjöf í skilningi 131. gr. laga nr. 21/1991. Tilgangurinn með gerningunum var ekki að gefa, enda rann andvirði beggja eigna til þrotamanna. Eignirnar voru seldar á markaðsverði og ráðstöfun þeirra leiddi ekki til eignaraukningar hjá stefndu. Krafa stefnanda verður því ekki reist á 131. gr. laga nr. 21/1991.

Stefnandi gerir ekki í dómkröfum sínum kröfu um riftun á veðrétti vegna þinglýsingar stefndu B og C á handhafatryggingarbréfi á íbúð að [...]. Því koma ákvæði 137. gr. laganna ekki til álita við úrlausn málsins.

Stefnandi byggir kröfu sína jafnframt á 134. gr. laganna vegna kaupa B og C á íbúðinni og að stefndu hafi greitt með óvenjulegum greiðslueyri en samkvæmt skattframtali standa þrotamennirnir G og H í skuld við stefnda B að fjárhæð 8.000.000 króna. Ekki hefur komið fram í málinu annað en að stefndu B og C hafi greitt markaðsverð fyrir eignina með yfirtöku skulda og með greiðslu á 5.826.404 krónum þegar sölulaun fasteignasölunnar höfðu verið dregin frá. Kaupverð íbúðarinnar var því ekki greitt með eftirgjöf á skuld þrotamanna við stefnda B, enda stendur skuld þrotamanna enn ógreidd samkvæmt skattframtali þeirra. Verður því ekki fallist á að greitt hafi verið með óvenjulegum greiðslueyri, sbr. 134. gr. laganna. Ráðstöfun þrotamanna á fasteigninni að [...] verður því ekki rift á þessum grunni.

Samkvæmt 141. gr. laga nr. 21/1991 má krefjast riftunar ráðstafana sem á ótilhlýðilegan hátt eru kröfuhafa til hagsbóta á kostnað annarra, leiða til þess að eignir þrotamannsins verði ekki til reiðu til fullnustu kröfuhöfum eða leiða til

skuldaaukningar kröfuhöfum til tjóns, ef þrotamaðurinn var ógjaldfær eða var það vegna ráðstöfunarinnar og sá sem hafði hag af henni vissi eða mátti vita um ógjaldfærni þrotamannsins og þær aðstæður sem leiddu til þess að ráðstöfunin var ótilhlýðileg.

Ráðstafanir stefndu, bæði vegna íbúðarinnar og vegna hesthússins, leiddu til þess að eignir þrotamanna voru ekki til reiðu til fullnustu kröfuhöfum. Tilgangurinn var að koma eignum undan skuldheimtumönnum eins og rakið er hér að framan. Stefndu voru grandsöm um að framangreindar ráðstafanir leiddu til þess að þrotamenn urðu ógjaldfærir, enda voru þau nákomin þeim. Ráðstafanir þeirra voru því ótilhlýðilegar í skilningi ákvæðisins.

Samkvæmt 3. mgr. 141. gr. laga nr. 21/1991 skal sá sem hafði hag af riftanlegri ráðstöfun greiða bætur eftir almennum reglum. Efnisatriði sakarreglunnar eru uppfyllt í málinu. Þrotabúið hefur orðið fyrir tjóni sem nemur endurgreiðslukröfu stefnanda, þ.e. andvirði hesthússins og íbúðarinnar að frádregnum áhvílandi lánum á henni. Stefnukröfur verða því að öllu leyti teknar til greina. Krafan beri vexti samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi er stefndu fengu afsöl fyrir eignunum í hendur, eins og nánar greinir í úrskurðarorði, en beri dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laganna frá 12. apríl 2015 til greiðsludags en innheimtubréf skiptastjóra er dagsett 12. mars 2015.

Eftir þessari niðurstöðu verða stefndu dæmd til að greiða stefnanda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 1.000.000 króna að meðtöldum virðisaukaskatti.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð

Rift er ráðstöfun þrotamannanna, G og H, sem fólst í afsali á hesthúsi, [...] í [...], Reykjavík, fastanr. [...], til stefndu B, D, E og F 11. febrúar 2013, móttæknu til þinglýsingar hjá sýslumanninum í Reykjavík 12. febrúar 2013 og innfærðu 14. febrúar 2013.

Stefndu, B, D, E og F, greiði óskipt þrotabúi G 7.500.000 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 11. febrúar 2013 til 12. apríl 2015 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laganna frá þeim degi til greiðsludags og þrotabúi H 7.500.000 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 11. febrúar 2013 til 12. apríl 2015 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laganna frá þeim degi til greiðsludags.

Rift er ráðstöfun þrotamannanna, G og H, sem fólst í afsali á íbúð að [...], Reykjavík, íbúð [...], fastnr. [...], til stefndu B og C 25. apríl 2014, móttæknu til þinglýsingar hjá sýslumanninum í Reykjavík sama dag og innfærðu þann 28. apríl

2014.

Stefndu, B og C, greiði óskipt þrotabúi G 2.913.202 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 25. apríl 2014 til 12. apríl 2015 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laganna frá þeim degi til greiðsludags og þrotabúi H 2.913.202 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 25. apríl 2014 til 12. apríl 2015 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laganna frá þeim degi til greiðsludags.

Öll stefndu greiði stefnanda in solidum 1.000.000 króna í málskostnað.

Gunnar Aðalsteinsson